

Reglugjörð

um viðauka við reglugjörð 31. maí 1918 um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins eru hjer með sett eftirfarandi fyrirmæli.

1. gr.

Ull þá, sem gefnar hafa verið skýrslur um samkvæmt reglugjörð um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins frá 31. maí 1918, má ekki flytja frá þeim geymslustað, sem ullin nú er á, nema stjórnarráðinu hafi áður verið skýrt frá flutningnum. Í skýrslu um flutning ber að greina frá hverjum og til hvers ullin sje flutt og með hvaða flutningatakjum.

2. gr.

Nú hefir ull sú, sem ræðir um í 1. gr. reglugjörðar þessarar, verið flutt áður en reglugjörð þessi er gefin út, og ber þá eiganda eða umráðamanni ullarinnar að senda stjórnarráðinu fyrir 10. júlí næskomandi samskonar skýrslu um flutninginn, sem greinir í 1. gr.

3. gr.

Um brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar fer sem segir í 5. og 6. gr. reglugjörðar 31. maí 1918 um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins.

4. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 1. júlí 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.